



FUNDARGERÐ 1. FULLTRÚARÁÐSFUNDAR laugardaginn 5. maí 2018.

1. Fulltrúaráðsfundur RTÍ 2017-1018 var haldinn í Lundi á Akureyri, laugardaginn 5. maí. Fundurinn var í umsjón RT-7 Akureyri

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundur settur.
2. Tilgangur Round Table lesinn.
3. Kosning fundarstjóra.
4. Val fundarritara.
5. Andakt.
6. Lögmæti fundarins kannað/kynningarhringur.
7. Ávarp forseta RTÍ.
8. Dagskrá landsstjórnar næsta árs borin upp.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs borin upp.
10. Önnur mál.
11. Fundarslit.

1. Fundur settur kl. 10.04
 - a. Forsetinn Vignir Steinþórsson, RT6, setur fundinn
2. Tilgangur Round Table lesinn
 - a. Hver: Hafsteinn Davíðsson (RT6) les tilgang Round Table
3. Kosning fundarstjóra
 - a. Hver: Ágúst Ólafsson
 - b. Old tabler 9 og 1, einn af stofnendum RT9
4. Val fundarritara
 - a. Stungið er upp á varaforseta Þórmundi Helgasyni, RT1
 - b. Þórmundur Helgason samþykktur undir lófataki
5. Andakt
 - a. Siðameistari Viðar Valgeirsson, RT1, flytur andakt af mikilli snilld.
 - b. Fer yfir hvernig hann hefur sín 2 ár með tilliti til stuldar
 - i. Ekki má hrifsa af mönnum.

- ii. Til þess að efla samstarfs klúbba. Bjarga hlutum frá glötun frekar en annað.
 - iii. Skila af sér munum sem eru í þeirra fórum á aðalfundi.
 - iv. Efla skemmtanagildi stuldar.
6. Lögmæti fundar
- a. Kynningarhringur, Ágúst Ólafsson, fundarstjóri, byrjar
 - b. Birgir Áspórssón í umboði formanns RT1
 - c. Ólafur Gunnar Sævarsson í umboði formanns RT3
 - d. Guðmundur í umboði varaformanns RT9
 - e. Kristjón í umboði formanns RT16
 - f. Fundur dæmdur lögmætur
7. Ávarp forseta RTÍ
- a. Vignir Steinþór flytur ávarp
 - b. Þakkar traustið, braut blað í sögu Round Table þar sem pappaspjald var kosið í fyrsta skipti
 - c. Hefur verið 20 ár í RT
 - d. Félagsskapurinn hefur gefið margt, hefur ferðast um allan heim og upplifað hluti sem hann annars hefði ekki gert.
 - e. Áherslur verða innávið, þurfum að rækta okkur. Talar um klúbbana sem ekki eru mættir, 14 og 15
 - f. Talar um hvernig við náum inn yngri mönnum, ekki fara að dæmi 6 manna. 17 manna klúbbur þar sem 4 menn detta út á næsta ári. Of hátt gjald. Menn eiga að iðka andann, en ekki horfa í peninginn.
 - g. Sveik eina kosningaloforðið að heimsækja alla klúbba
 - h. Vill passa uppá innra starfið.
 - i. Endurnýjun of hröð, þarf að gefa tíma til að kenna yngri mönnum.
 - j. Láta klúbbana sýna frumkvæði í að t.d. bjóða landssjórn á fundi samanber afmæli RT9.
 - k. Núningsfletir á samstarfi við LC sem landssjórn vinnur í.
 - l. Þakkar kosninguna og traustið.
8. Dagskrá landsstjórnar næsta árs borin upp
- a. Vignir ber upp dagskrá landsstjórnar
 - b. Lofar að fara í heimsókn til allra klúbba
 - c. Væri aldrei að fara til Sri Lanka nema fyrir félagsskapinn
9. Fjárhagsáætlun næsta árs borin upp
- a. Guðjón, RT11, gjaldkeri landsstjórnar fer yfir áætlunina
10. Önnur mál
- a. Jón Ísleifs, RT5, fráfarandi IRO kynnir Jónsbók sem er guidelines fyrir hvert starf í landssjórn og færir Vigni að gjöf
 - i. Unnið út úr sambærilegri handbók frá LC
 - ii. Lifandi skjal sem þarf að uppfæra jafnóðum
 - b. Mats Wibe Lund fær orðið.
 - i. Byrjaður að skrifa æviminningar
 - ii. Sonurinn fékk útgáfustjóra til að fara yfir málfræði
 - iii. Verður með útgáfuteiti í Norræna húsinu
 - iv. Kynnir bókina, þakkar fyrir og er mjög stoltur af okkur
 - c. Þorgils formaður RT4 stígur í pontu, þakkar fyrir afmælisgjafirnar

- i. Ávítir landsstjórn fyrir að mæta ekki á árlegan saltfisk RT4
 - ii. Bendir á að forseti segist ekki geta staðið við orð sín og segist svo vera iðnaðarmaður.
- d. Guðjón RT11 stígur í pontu og kynnir þriðja fulltrúaráðsfund, það verður bestof – goslokahátið og þæjumót
- e. Daníel RT5, ritstjóri
 - i. Hefur sjoppu opna í staðgöngu sjoppustjóra
 - ii. Verða breytingar í sambandi við online vision. Næstu mánuðir notaðir í skoða hvernig heimasíða og annað verður tengt saman.
 - iii. Hvetur menn til að ver virka í að setja inn efni og senda á sig.
- f. Sameiginlegt ávarp frá RT5 og RT7 þar sem þeir kynna árlega útilegu norðanklúbba... Haldið með pomp og prakt, verður fótbolti á stórum skjá. Viðburður verður á facebook. Verður í Varmahlíð. 15-17 júní.
- g. Vefstjórinn Reynir, RT2, tekur til orðs.
 - i. Why are we waiting
 - ii. Viðurkennir slugsaskap á árinu þar sem mikið hefur verið að gera.
 - iii. Kynnir björgunarhring á heimasíðu, helpdesk ticketing system. Ætlar að setja inn leiðbeiningar á facebook
- h. IRO Georg Fannar, RT5, Fara yfir kosningaloforð.
 - i. Aðstoða menn sem vilja fara erlendis, hafa samband við hann
 - ii. Hvetur menn til erlends teibls
 - iii. Fór með konuna til Ísraels, eitthvað sem hann myndi annars ekki gera
 - iv. Bjóða maka með í erlendar ferðir
- i. Siðameistari – Viðar RT1
 - i. Ætlar að ganga á milli og safna í sektarsjóð – kjötið á borðinu hans búið og ekkert áfengi
 - ii. Býður upp síður fyrir auglýsingar í félagatal
 1. Innan forsíðu 115.000 RT1
 2. Innan baksíðu 120.000 RT4
 3. Baksíðan 200.000 RT3
 4. Forsíðan 200.000 RT1

11. Fundarslit

- a. Vignir boðinn upp til að slíta fundi
 - i. Finnst þetta stórkostlegt fyrirkomulag að hafa aðalfund á föstudegi og fulltrúaráðsfund á laugardegi. Klára það sem fyrir stendur án þess að vera með málalengingar sem tefja.
 - ii. Boðar Þórhall til leiks eftir mat þar sem hann mun fara yfir aldursdreifingu hreyfingarinnar.
- b. Kl. 11.22 fundi slitið